

PARVOVEIRUSMIT Á MEÐGÖNGU

ICD-10 greining:

B08.3 Erythema infectiosum

Fimmta veikin (erythema infectiosum) er veirusjúkdómur sem parvoveira B19 veldur og getur komið í stökum tilfellum eða í faröldrum, einkum meðal barna. Flestir fullorðnir hafa gömul mótefni gegn parvoveirusmiti eða um 70%. Ef barnshafandi kona sýkist, getur það valdið niðurbroti á rauðum blóðkornum fósturs sem getur í alvarlegum tilvikum leitt til bjúgs, hjartabilunar og jafnvel fósturdauða.

SMITHÆTTA OG SMITVARNIR

Ekki er ástæða til að ráðleggja þunguðum konum að forðast vinnu á stofnunum svo sem leikskólum og skólum þótt parvoveirufaraldur standi yfir. Röksemdir fyrir því eru að hættan á fósturskaða er lítil og að smithættan er alls ekki upphafin þótt þær forðist þessa vinnustaði sína.

Veiran getur smitast með nánnum samskiptum, aðallega úðasmit (hósti, hnerri, munnvatn). Eins og almennt gildir við smitvarnir er mælt með handþvotti og að deila ekki mat eða drykk úr ílátum með öðrum.

GREINING OG EFTIRFYLGD

Ef þunguð kona telur sig í hættu vegna parvoveirusmits er hægt að fá mótefnamælingu á sermi hennar frá fyrstu skoðun og þá er eingöngu beðið um IgG mælingu. Ef mæling sýnir að gömul mótefni eru til staðar þ.e. að hún er IgG jákvæð er hún ekki í smithættu.

Ef ekki mælast gömul verndandi mótefni þ.e. hún er IgG neikvæð má endurtaka mælingu og mæla IgM, sem segir til um nýtt smit. IgM er fyrst mælanlegt 10 dögum eftir smit og er mælanlegt í sermi í u.þ.b. þrjá mánuði eftir smit.

Ef IgM mælist ekki er ekki nýtt smit til staðar. Í hverju tilviki fyrir sig þarf að meta hvort ástæða er til að halda áfram IgM mælingum.

Ef IgM mælist þ.e. konan er IgM jákvæð verður að ætla að um nýtt smit sé að ræða. Þá er mælt með ráðgjöf fæðingalæknis til frekara mats. Er þá boðið upp á aukið eftirlit, m.a. með reglulegum ómskoðunum og meðferð ef þörf krefur.

Smit verður hættuminna eftir því sem líður á meðgönguna og verði smit eftir 25 vikna meðgöngu eru líkur á áhrif á fóstur hverfandi.